

Kennsluáætlun í lífsleikni skólaárið 2020-2021

9. - 10. bekkur

Kennari: Erla Sigrún Einarsdóttir

Lífsleiknikennsla í 9.-10. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum samfélagsgreina sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Hæfniviðmið samfélagsgreina er skipt í þrjá flokka: **Reynsluheim, hugarheim og félagsheim**. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnispætti og koma sumir þeirra ítrekað fyrir. Tekin eru fyrir ákveðin hæfniviðmið samfélagsgreina sem þjálfar nemendur í sjáfstæðri hugsun og málefnalegri gagnrýni.

Reynsluheimur: *Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.*

Hugarheimur: *Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.*

Félagsheimur: *Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.*

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

Kennsluaðferðir:

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nemendur fá tækifæri til samvinnu, samræðu og að koma sínum skoðunum á framfæri. Settar verða upp málstofur þar sem nemendum fá þjálfun í að meta umræðuefni og koma því málefnalega á framfæri. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Notast er við: myndbönd-dagblöð-útprintanlegt efni af vef o.fl.

Námsmat: Námsmatið tengist lykillæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

Reynsluheimur

Umhverfi, samfélag, saga, menning. Hæfni nemanda til að skilja veruleikann

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

Mannlíf

- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir mannréttindum.
- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Gert sér grein fyrir hlutverki margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.

Fjármálalæsi

- Tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu
- Verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði.

Trúarbrögð

- Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.
- Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.

- Sýnt fram á læsi á frásagnir hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.
- Rætt og borið saman ólík trúar- og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.
- Greint áhrif Biblíunnar og helgirtia annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.

Hugarheimur

Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

Framsýni

- Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.
- Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð í voða.
- Rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhrfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.

Sjálfsvitund

- Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.
- Rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.

Heilbrigði og velferð

- Sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.

Félagsheimur

Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

Kynheilbrigði:

- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmýnd.

Frelsi og ábyrgð:

- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins ogólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt.
- Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðsáttmálum.

Félagsfærni:

- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
-

Leiðir að markmiðum

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.